



ATHUGASEMDIR VIÐ TILLÖGU AÐ STARFSLEYFI FYRIR ELKEM ÍSLAND

Umhverfisstofnun auglýsti á tímabilinu 29. maí til 23. júlí 2009, tillögu að endurnýjun starfsleyfis fyrir Elkem Ísland sem jafnframt næði yfir hugsanlega nýja framleiðslu, eins og framleiðslu á sólarkísli. Umhverfisstofnun sendi auk þess tilkynningar þessa efnis til Elkem Ísland, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Hvalfjarðarsveitar, Kjósarhrepps, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Landverndar og Skipulagsstofnunar. Fjórar athugasemdir bárust og hér er gerð grein fyrir því hvernig um þær var fjallað hjá stofnuninni. Innsendar athugasemdir voru mjög ítarlegar og gagnlegar.

Kynningarfundur vegna auglýsingar á starfsleyfi þessu var haldinn 2. júlí í félagsheimilinu Fannahlíð í Hvalfjarðarsveit.

Innsendar athugasemdir við auglýst starfsleyfi og viðbrögð Umhverfisstofnunar:

I. Jóhanna G. Harðardóttur:

- i. Tillaga um að hraða gildistöku ákvæða í grein 2.5 um leyfilegt reyklos og herða jafnframt kröfur. Bent var á að fram hafi komið að fyrirtækið hefði alla burði til að hraða þessum umbótum.
 - Það er matsatriði hvað langt er hægt að ganga í þessum efnum og rétt er að minna á að stofnuninni er almennt skylt að taka tillit til efnahagslegra þátta við ákvörðun umhverfiskrafna og ber einnig að gæta meðalhófs.
 - Umhverfisstofnun lagði mikla vinnu í að meta hvaða kröfur væru eðlilegar í þessu sambandi og gekk eins langt og talið var mögulegt innan þess svigrúms sem er til staðar.
 - Ljóst er að ef þær kröfur sem nú hafa verið settar í starfsleyfið hefðu verið í gildi undanfarin ár hefði rekstraraðili ekki fullnægt þeim.
 - Umhverfisstofnun hefur hvatt Elkem Ísland að hraða engu að síður umbótum á þessu sviði gefist svigrúm til þess enda eru reyklos í eðli sínu mengunaróhöpp sem ber að forðast.
- ii. Tillaga um að sleppa eftirfarandi setningu í grein 2.7: „Reyklos frá ofnum vegna bilana reykhreinsibúnaðar telst ekki með í útreikningi á meðaltali sbr. grein 2.6.“
 - Grein 2.6 er ekki ætlað að taka á reyklosum heldur á virkni reykhreinsivirkisins þann tíma (a.m.k. 98-99% tímans) sem það virkar. Nauðsynlegt er að hafa í starfsleyfinu ákvæði um gæði reykhreinsivirkisins, ekki aðeins ákvæði um að það sé fyrir hendi.
 - Í greinum 2.5 og 2.7 eru hins vegar ákvæði sem takmarka reyklos.
 - Rekstraraðili hefur auk ofangreinds bent á að framkvæmd útblástursmælinga í reyklosum er ekki möguleg.
- iii. Gagnrýnd er bilanatiðni í ofnum ef marka má svör við kvörtunum vegna reyklosa.
 - Starfsleyfið tekur á atriðum sem varða reyklos í greinum 2.5 og 2.7.
 - Samkvæmt grein 3.2 ber Elkem að skrá reyklos vegna bilana og viðbrögð við þeim. Við eftirlit verður farið yfir þær skráningar, tíðni, lengd og viðbrögð.
- iv. Bent er á hættu af því að rekstraraðili hafi eftirlit með sjálfum sér og aðkomu að mengunarmælingum og hvernig með niðurstöður er farið.
 - Rekstraraðili getur sameinað gæðakerfi sín þeim mælingum Umhverfisstofnun fer fram á og mögulega náð fram einhverri hagræðingu með því móti. Stofnunin sér ekki ástæðu til að amast við því.
 - Rekstraraðila er hins vegar skylt að gera Umhverfisstofnun grein fyrir því hvernig staðið er að mælingum og kvörðun tækja þannig að ekki fari á milli mála að þær séu marktækar.

- v. Gagnrýnt er að ekki sé getið um viðurlög í starfsleyfi ef rekstraraðili vanrækir mælingar.
- Kveðið er á um viðurlög vegna brota á ákvæðum starfsleyfa í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Umhverfisstofnun fellst hins vegar á að það er skýrara ef í starfsleyfum séu valdsvið og þvingunarúrræði útlistuð gagnvart mögulegum vanefndum.
 - Brugðist hefur verið við þessari athugasemd með nýrri grein 1.10 þar sem um þetta er fjallað.

II. Skipulagsstofnun:

- i. Stofnunin taldi að herða ætti ákvæði um hættuleg fljótandi efni.
- Fallist er á athugasemdirna með því að herða ákvæði um fljótandi hráefni í grein 2.2.
- ii. Bent var á að hættuleg efni ætti að geyma á lokuðum svæðum þar sem óviðkomandi hefðu ekki aðgang að þeim.
- Ekki verður í útgefnu starfsleyfi hróflað við eftirfarandi setningu: „Geymslur utandyra skulu vera afgirtar eða á annan hátt lokaðar, þar sem óviðkomandi er bannaður aðgangur.“
- iii. Bent er á að ekki er fjallað um losun gróðurhúsalofttegunda í starfsleyfinu eða hvernig beri að reikna út losun. Skipulagsstofnun telur að slík umfjöllun í starfsleyfi væri eðlileg.
- Starfsleyfið er gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Fjallað er um gróðurhúsalofttegundir í lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda.
 - Umhverfisstofnun hefur ekki heimild til að gera kröfur starfsleyfum sínum sem eru utan gildissviðs reglugerðar nr. 785/1999.

III. Hvalfjarðarsveit:

- i. Tillaga um hámarksálag á ofna sem verði sem hér segir: Miðað verði við um það bil 34, 34 og 42 MW fyrir núverandi ofna og sambærileg mörk vegna fyrirhugaðra ofna sem ætlunin er að nýta við framleiðslu á sólar kísli.
- Umhverfisstofnun telur almennt að það sé hlutverk hennar að setja mörk fyrir mengun en að það sé hlutverk rekstraraðila að finna þær leiðir sem nota eigi til að takmarka mengun, ekki starfsleyfisútgefanda. Ákvæði um hámarksálag falli því utan hlutverks stofnunarinnar.
 - Rekstraraðili hefur lagst eindregið gegn því að skerða framleiðslugetu verksmiðjunnar með þessari aðferð.
- ii. Tillaga um að á eftir textanum „nýta orku vel“ í grein 1.3 komi eftirfarandi texti: „, svo sem með því að nýta afgangorku í eigin starfsemi eftir því sem framast er unnt – og búa svo um hnúta að einnig sé mögulegt að nýta orkuna til annarar starfsemi, nema sýnt sé fram á að slíkt sé ógerlegt af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum.“
- Kröfur sem varða þessi atriði hafa verið settar í starfsleyfið en orðalagið er eftirfarandi: „Orkunýting skal vera eins góð og kostur er við framleiðslu og stuðla skal að nýtingu varmaorku sé það raunhæfur kostur“.
- iii. Tillaga um að sleppa eftirfarandi setningu í grein 2.7: „Reyklos frá ofnum vegna bilana reykhreinsibúnaðar telst ekki með í útreikningi á meðaltali sbr. grein 2.6.“
- Sjá svar við samskonar athugasemd hér að ofan, frá Jóhönnu G. Harðardóttur.
- iv. Ekki er talið rétt að leyfa förgun í flæðigryfjum á seti úr setþróum og föstum efnunum frá síustöðvum nema fyrir liggja að úrgangur þessi standist viðmiðanir fyrir óvirkan úrgang hvað varðar heildarmagn uppleystra efna (TDS).
- Í flæðigryfjum fer fram meðhöndlun á úrgangi þar sem komið er af stað efnahvörfum sem valda því að virkur úrgangur verður nánast að óvirkum úrgangi. Í



- Ijósi þess er það álit Umhverfisstofnunar að fyrst og fremst eigi að fylgjast með áhrifum flæðigryfjunnar með öflugri umhverfisvöktun.
- Umhverfisstofnun bendir á að um flæðigryfjur gilda fyrst og fremst ákvæði 5. greinar laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og flæðigryfjunnar eru einmitt förgun eigin úrgangs eins og þar er fjallað um.
- v. Lagt er til að öll tvímæli verði tekin um flokkun flæðigryfjanna sem urðunarstaðar eins og gert er ráð fyrir í reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.
- Flæðigryfjunnar flokkast sem förgun á eigin úrgangi samkvæmt starfsleyfi með stoð í heimildarákvæði skv. 5. grein laga nr. 55/2003 og fellur þar með ekki undir hefðbundna flokkun urðunarstaða.
- vi. Lagt er til að grein um ásýnd fyrirtækisins og umgengni verði bætt við starfsleyfið.
- Umhverfisstofnun telur ákvæði um ásýnd ekki rúmast innan sviðs reglugerðar nr. 785/1999 nema hvað varðar mengunarhættu.
 - Ákvæði um að frágangur lóðar sé snyrtilegur má finna í grein 2.2.
 - Rykmengun ber að halda í skefjum, t.d. samkvæmt greinum 2.1 og 2.2.
- vii. Lagt er til að óháður aðili sjái um mælingar skv. 3. kafla starfsleyfisins.
- Þetta er að mestu leyti það fyrirkomulag sem nú er notað. Þó er ýmis dagleg skráning ekki möguleg nema innan fyrirtækisins.
- viii. Gerðar eru ýmsar athugasemdir sem lúta að upplýsingagjöf, t.d. um að vöktunaráætlun verði birt á netinu, að tilkynningar komi til Hvalfjarðarsveitar um niðurstöður eftirlitsmælinga, skýrslur verði sendar til sveitarstjórnar o.fl.
- Í ljósi þessa áhuga sveitarfélagsins hefur verið sett ákvæði um að rekstraraðila beri árlega að boða fulltrúa Umhverfisstofnunar, Hvalfjarðarsveitar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands á samráðsfund um málefni Elkem Íslands.
 - Stofnunin telur að á þessum vettvangi sé eðlilegt að taka fyrir mál sem varða upplýsingastreymi frá fyrirtækinu.
- ix. Bent var á villur í texta
- Við útgáfu eru þær villur lagaðar sem vitað er um í auglýstri útgáfu.

IV. Elkem Ísland:

- i. Rekstraraðili leggst eindregið gegn tillögu Umhverfisstofnunar um að lækka losunarmörk fyrir ársmeðaltal brennisteinsdíoxíðs.
- Eftir vandlega skoðun og skýringar fyrirtækisins hefur stofnunin ákveðið að verða við ósk rekstraraðila.
 - Rekstraraðili hyggst leggja meiri áherslu á ýmsa sérframleiðslu en áður og aðstæður við innkaup kolefnisgjafa gefa rekstraraðila lítið svigrúm til úrbóta.
- ii. Gerð er athugasemd við orðalag í grein 2.22 um hávaða.
- Umhverfisstofnun hefur breytt orðalaginu þannig að það fer nærri tillögu Elkem.